

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi í Árnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Hrunamannahrepps.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

Nr. 120.

6. maí 1969.

REGLUGERÐ

um vatnsveitu í Höfn í Hornafirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hafnarhrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns, á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og einnig til hafnarinnar í Hornafirði.

2. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar, nema með leyfi Hreppsnefndar Hafnarhrepps.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna varðar, svo og viðhald vatnsveitunnar og umsjá alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir. Hreppsnefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum, er hreppsnefnd setur þeim.

4. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja vatnsæðar, svo víða um kaптúnið, sem fært þykir og þörf krefur, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að, eða eru í námunda við.